

**1364. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 19.
mars 2026 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Gylfi Ólafsson formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður og Jóhann Birkir Helgason aðalmaður.

Embættismenn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Stjórn Lýðskólans á Flateyri 2026 - 2026030177

Tillaga bæjarstjóra um að skipa Nanný Örnú Guðmundsdóttur í stjórn Lýðskólans á Flateyri, en Hafdís Gunnarsdóttir, hefur óskað eftir að fara úr stjórn.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að skipa Nanný Örnú Guðmundsdóttur í stjórn Lýðskólans á Flateyri.

2. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2025-2026 - 2025120183

Lagðar fram til staðfestingar 4 yfirlýsingar um vinnslu afla vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2025/2026.

Bæjarráð staðfestir 4 meðfylgjandi yfirlýsingar um vinnslu afla.

4. Ársfjórðungsuppgjör 2025 - 2025050010

Lagt fram til kynningar minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 16. mars 2026, um niðurstöðu fjórða ársfjórðungs 2025. Uppgjörið sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu A og B hluta upp á 670 m.kr. fyrir árið 2025. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 321,7 m.kr. fyrir sama tímabil og er rekstrarafgangur 348 m.kr. hærri en áætlað var fyrir árið.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:23

Edda yfirgaf fund kl. 8.45.

5. Móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum - 2025120113

Á 496. fundi velferðarnefndar þann 16. desember 2025, mætti Halla Signý

Kristjánsdóttur, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á fund velferðarnefndar og kynnti drög um samræmda móttöku og inngildinguna íbúa af erlendum uppruna hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum. Bæjarstjóri, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, óskaði eftir umsögn velferðarnefndar um drögin.

Í bókun velferðarnefndar lýsti velferðarnefnd yfir ánægju með stefnunna sem felur í sér aukið samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á nýjum vettvangi. Nefndin leggur áherslu á að betur verði reifuð sjálfsábyrgð hvers einstaklings á lífi sínu, að áætlaður stuðningur og inngilding sé valdeflandi og að Vinnumálastofnun sé lykilaðili í málaflokknum. Jafnframt óskar nefndin eftir að móttökuáætlunin verði kostnaðarmetin af höfundum hennar þar sem ýmis ákvæði í aðgerðaáætlun munu óhjákvæmilega leiða til kostnaðar fyrir aðildarsveitarfélögin. Þá er nauðsynlegt að skoða með hvaða hætti sveitarfélögin styðji við framhald vinnunnar þegar ráðningartímabili verkefnastjóra lýkur, í maí 2026, og hvaða kostnaður felist í því.

Er nú málið lagt fyrir bæjarráð, ásamt kostnaðarmati unnið af Höllu Signý Kristjánsdóttir, verkefnastjóra Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, móttakið 13. mars 2026.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Gestir

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:45

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs - 08:45

Hafdís og Margrét yfirlögðu fund k. 9.10.

3. Hafnarstjórn - 268 - 2603001F

Lögð fram til kynningar fundargerð 268. fundar hafnarstjórnar, en fundur var haldinn 6. mars 2026.

Fundargerðin er í 10 liðum.

Lagt fram til kynningar.

6. Nefnd um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði - 4 - 2603006F

Lögð fram til kynningar 4. fundargerð fundar nefndar um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði, en fundur var haldinn 11. mars 2026.

Fundargerðin er í 1 lið.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

Gylfi Ólafsson

Kristján Þór Kristjánsson

Jóhann Birkir Helgason

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir